

Reykjavík, 18. september
2018
R18040180
1252

Borgarráð

Matarhátíð Reykjavíkur - samstarfssamningur

Lagt er til að Reykjavíkurborg styðji við Matarhátíð Reykjavíkur og að gerður verði sérstakur samstarfssamningur við hátíðina til þriggja ára. Lagt er til að stuðningur við hátíðina verði 2.000.000 kr., fært af kostnaðarstaðnum ófyrirséð 09205 yfir á kostnaðarstaðinn 03113 styrkir/samstarfssamningar vegna hátíðarinnar árið 2018. Þá er lagt til að fjárhæðin verði 3.000.000 kr. árið 2019 sem og árið 2020 og skal þeim kostnaði bætt við ramma menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar. Markmið samstarfsins er að auka enn við hátíðarflóru borgarinnar en engin önnur sambærileg hátíð er nú haldinn í borginni. Markmiðið er jafnframt að hlúa að grasrót og sjálfsprottnum viðburðum og gefa bændum og matvælaframleiðendum möguleika á að kynna vörur sínar og styrkja þannig bönd milli landsbyggðar og borgar. Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er falið að halda utan um samstarf Reykjavíkurborgar við hátíðina.

Greinargerð

Hátíðin hefur verið haldin á Skólavörðustíg í Reykjavík undanfarin ár undir heitinu *Matarhátíð Alþýðunnar* eða *Reykjavík Bacon Festival* og hefur verið mjög vel sótt af íbúum borgarinnar og öðrum gestum. Í sumar fór hátíðin fram 11. ágúst. Nú stendur til að breyta heitinu í *Matarhátíð Reykjavíkur* og fjölga hátíðarstöðum þannig að hún fari fram við Hlemm og á Granda, auk Skólavörðustígar í góðu samstarfi við rekstraraðila á þessum svæðum. Þá gera skipuleggjendur ráð fyrir að hátíðin fari fram aðra eða þriðju helgi í september árið 2019 og á sama tímabili árið 2020.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi Matarhátíðar Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, ódags.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Reykjavík Bacon Festival (hér eftir Matarhátíð Reykjavíkur), kt. 5008121170, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Matarhátíð Reykjavíkur á tímabilinu 20. september 2018 til 31. desember 2020.

1. gr. Markmið

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Matarhátíð Reykjavíkur er að:

- auka enn við hátíðaflóru borgarinnar, en engin sambærileg hátíð við Matarhátíð Reykjavíkur er haldin í borginni
- gefa bændum og matvælaframleiðendum möguleika á að kynna vörur sínar og styrkja þannig bönd milli landsbyggðar og borgar
- hvetja til blómlegs lífs í borginni, en hátíðin skal haldin í góðu samstarfi við rekstraraðila á Skólavörðustíg, við Hlemm og á Granda
- hlúa að grasrót og sjálfsprottnum viðburðum og auka menningarlega fjölbreytni í borginni.

2. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Matarhátíð Reykjavíkur til í beinum fjárframlögum kr.:

- **2.000.000 árið 2018**
- **3.000.000 árið 2019**
- **3.000.000 árið 2020**

Árið 2018 greiðist upphæðin í einu lagi í október. Árin 2019 og 2020 greiðist upphæðin í tveimur jöfnum greiðslum eða kr. 1.500.000 þ. 1.-3. ágúst og 1.-3. október.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 526-26-5008.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breytttri fjárveitingu.

3. gr. Framlag Matarhátíðar Reykjavíkur

Matarhátíð Reykjavíkur skipuleggur og heldur hátíðina árlega 2018, 2019 og 2020. Hátíðin skal haldin aðra eða þriðju helgi í september árið 2019 og á sama tímabili árið 2020. Er nánari dagsetning og dagskrá hvernar hátíðar liggur fyrir skal hún send skrifstofustjóra menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar. Hátíðin skal haldin á þremur stöðum í borginni, þ.e.a.s. við Hlemm, á Skólavörðustíg og á Granda, í góðu samstarfi við rekstraraðila þar.

4. gr. Ábyrgð

Matarhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á hátíðinni og að hún sé unnin af fagmennsku og metnaði.

Matarhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á skuldbindingum sem hún eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Matarhátíð Reykjavíkur er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Matarhátíð Reykjavíkur ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og kynnir Reykjavíkurborg sem áhugaverðan áfangastað. Á öllu kynningarefni jafnt innanlands sem utan, skal koma fram að Matarhátíð Reykjavíkur sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir hátíðin merki Reykjavíkurborgar í því skyni.

Tengja rna ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar www.vistitreykjavik.is við vefi hátíðarinnar til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofustjóri menningarmála á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Matarhátíð Reykjavíkur. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í október 2018, 2019 og 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og mat lagt á síðustu hátíð.

Matarhátíð Reykjavíkur skilar þá ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags Reykjavíkurborgar vegna liðinnar hátíðar ásamt áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til þessa funda. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur Matarhátíð Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Matarhátíð Reykjavíkur hefur sýnt fram á að hún muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti og/eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt borgarráðs þ. 20.9.2018. Samningurinn gildir til 31. desember 2020 með fyrirvörum í 2. og 7. grein. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 20. september 2018.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Matarhátíðar Reykjavíkur

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift: